

Stjórnarfundur Listskreytingasjóðs

Mánudaginn 7. október 2024

Kl. 17:00

Austurstræti 5, 101 Reykjavík

Mætt á fund:

Kristján Steingrímur Jónsson, formaður, tilnefndur af Menningarmálaráðherra

Karl Kvaran, tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands. Boðaði forföll

Ilmur Stefánsdóttir, tilnefnd af Fjármála- og efnahagsráðuneytinu

Sigga Björg, tilnefnd af SÍM


Karl Ómarsson, tilnefndur af SÍM

Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður Myndlistarmiðstöðvar

Tinna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Myndlistarmiðstöðvar

Fundardagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð 02.09.2024 samþykkt.
2. Kynning á fundi með Framkvæmdasýslu – Ríkiseignir
 - Kristján Steingrímur, Ilmur Stefánsdóttir og Tinna Guðmundsdóttir fóru á fund með Erni Baldurssyni, deildarstjóra frumhönnunar hjá FSRE þann 16. september 2024. .
 - Samantekt frá fundinum og glærुकynning frá Erni lögð fram til kynningar.
 - Umræður um nýbyggingar og eftirfylgni með hvort farið sé að lögum.
 - **Ákveðið að kalla eftir gögnum frá Framkvæmdasýslu – Ríkiseignir um fjölda nýbygginga síðustu 25 ár og upplýsingum um listskreytingar í þeim.**
 - Rætt um hvata í kerfinu og viðurlög sé lögnum sé ekki framfylgt. Rætt um farvegi fyrir framkvæmdaaðila sem sjá um endurbætur á eldra húsnæði og þegar húsnæði eru tekin á leigu í a.m.k. 10 ár. Rætt um hvort að kafli IV í Myndlistarlögum, um listaverk í opinberum byggingum og útsvæðum eigi einnig við um opinber hlutfaélög.
 - **Ákveðið að senda erindi til Menningarmálaráðuneytisins og spyrja hvernig ohf falla undir Myndlistarlög.**
 - **Ákveðið að bóka fund með Nýja Landsspítala, NLSH ohf, í kjölfarið.**
3. Listskreytingasjóður
 - Bæklingurinn List í opinberu rými í 25 ár sem var gefin út af stjórn Listskreytingasjóðs árið 2008, lagður fram til kynningar.
 - Umræður um umgjörð sjóðsins, umsýslu, skilyrði sem fylgja safneign og eftirspurn eftir listskreytingum.
4. Önnur mál
 - Skipunarbréf hafa verið send til stjórnarmanna. Þar er Ilmur Stefánsdóttir skipuð varaformaður. Karl Kvaran þarf því ekki að sinna því hlutverki.
 - Rætt um að setja fundargerðir á vefsvæði Listskreytingasjóðs á vef Myndlistarmiðstöðvar.

- 
- The linked image cannot be displayed. The file may have been moved, renamed, or deleted. Verify that the link points to the correct file and location.
- Rætt um að gera tilkynningu um nýja stjórn Listskreytingasjóðs, átak í skráningu og endurskoðun sjóðsins.
 - Sagt frá ferð starfsmanna Myndlistarmiðstöðvar til Noregs í nóvember og ferð í Norska sjóðinn [Koro](#), sem styður við framleiðslu listaverka og inngripa í almenningsrými í Noregi.

Engin önnur mál tekin fyrir.

Fundi slitið 18:30.

Næsti fundur verður haldinn mánudaginn 4. nóvember kl. 17:00